

Malbikunarstöðin Höfði hf.
Elín Ásgeirsdóttir
Sævarhöfða
112 Reykjavík

Reykjavík, 15. október 2021
UST202103-048/gf
08.08.02

Varðar reglubundið eftirlit 2021 - Malbikunarstöðin Höfði, Sævarhöfða, Reykjavík

Þann 13.9.2021 fór fram eftirlit í malbikunarstöð Höfða við Sævarhöfða í Reykjavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

1. Rekstraraðila er bent á að senda Umhverfisstofnun niðurstöður mælinga í frárennsli og í útblæstri ViaNova stöðvarinnar vegna yfirstandandi árs. Grein 4.2 í starfsleyfinu gerir kröfum um árlegar mælingar vegna losunarmarka.
2. Rekstraraðila er bent á, nú þegar Höfði er með starfsleyfi fyrir malbikunarstöðvar bæði í Hafnarfirði og Reykjavík, að staðsetning hins tryggða atvinnurekstrar komi fram á tryggingarskírteini.
3. Rekstraraðila er bent á að uppfæra skrá yfir olúgeyma í notkun í Sævarhöfðanum og senda eftirlitsaðila afrit af skránni.
4. Rekstraraðila er bent á að staðsetja olú- og efnavöru fjarri niðurföllum og að nota lekabyttur og eða lekavarnarþrær til þess að draga úr líkum á mengunaróhöppum.

Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram í eftirlitinu og eitt eldra frávik er enn opið. Útblásturshraði beggja stöðva, ViaNova og Benninghoven, er undir kröfum í starfsleyfi. Niðurgráfin olíulögn á milli eldsneytisgeymis og ViaNovastöðvarinnar hefur ekki verið þrýstiprófuð síðastliðin fimm ár.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum frávikum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 29.10.2021.

Virðingarfyllst,

Gottskálk Friðgeirsson

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur